



Alþingi  
Erindi nr. P 121/2123  
komudagur 15.5.197

## Minnisblað

**Til:** Allsherjarnefndar Alþingis  
**Frá:** Hrefnu Friðriksdóttur lögfræðingi Barnaverndarstofu  
**Dags:** 15. maí 1997  
**Efni:** Fyrirspurn um stöðu barna þeirra sem eru ósjálfráða fyrir æsku sakir - Hafa lögráðamenn þeirra óskoraðan rétt til að ráðstafa börnum unglinganna?

Skv. núgildandi lögum er maður ósjálfráða fram til 16 ára aldurs. Foreldrar barns, sem er ósjálfráða fyrir æsku sakir, ráða persónulegum högum þess og nefnast þessi lögráð forsjá, sbr. 15. gr. lögræðislaga nr. 68/1984. Hér á eftir verður talað um þessa ósjálfráðu einstaklinga sem unglinga.

Rétturinn til að ráða persónulegum högum einstaklings, eða að hafa forsjá hans, er ekki fyllilega skilgreindur í lögum. Þó má telja fulljóst að hér er ekki um fullkomin og óskoruð völd að ræða heldur öðlast börn og unglingar smá saman ýmis réttindi sem meira eða minna hafa áhrif á persónulega hagi þeirra og stöðu.

Í einhverjum tilvikum er lögbundið að börn og unglingar ráði málefnum sínum að meira eða minna leyti sjálf, t.d. ræður ósjálfráða einstaklingur sjálfur yfir sjálfsaflafé sínu sem hann hefur unnið fyrir, svo og gjafafé, sbr. 21. gr. lögræðislaga, í 2. mgr. 5. gr. barnalaga nr. 20/1992 segir að ef barnsfaðir sem gangast vill við barni er yngri en 18 ára þegar hann lætur yfirlýsingu sína upp skuli hún styrkt með staðfestingu lögráðamanns, skv. 6. gr. ættleiðingarlaga nr. 15/1978 má ekki ættleiða barn sem orðið er 12 ára án samþykkis þess, skv. 8. mgr. 14. gr. laga um mannanöfn nr. 45/1996 er breyting á kenninafni barns háð samþykki þess hafi það náð 12 ára aldri og í 3. tl. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 25/1975 um fóstureyðingar o. fl. segir að sé kona sem sækir um fóstureyðingu yngri en 16 ára eða svipt sjálfræði, skuli foreldrar eða lögráðamaður taka þátt í umsókn með henni nema sérstakar ástæður mæli gegn því.

Fjölmörg dæmi eru til viðbótar um að taka eigi tillit til barna við ákvarðanatöku um málefni þeirra og að börn eigi rétt óháð foreldrum sínum, eða njóti mannréttinda sem þau geti beitt án samþykkis foreldra sinna og jafnvel án afskipta þeirra. Réttur þessi er óháður formlegu sjálfræði eða fjárræði.

Þegar unglingur eignast barn getur vaknað spurning hvort hann fari með forsjá barnsins eða hvort það sé sú tegund réttinda eða ábyrgðar sem ósjálfráða einstaklingur getur aldrei borið.

Ljóst er af lagaákvæðum bæði barnalaga og laga um vernd barna og ungmenna, að foreldrar fara með forsjá barna sinna ef þeirra nýtur við og þeir hafa ekki verið sviptir forsjánni, sbr. 2. mgr. 30. gr. barnalaga sem segir að móðir barns fari ein með forsjá þess ef foreldrarnir eru ekki giftir eða í sambúð við fæðingu barnsins.

PÓSTHÚSSTRÆTI 7  
PÓSTHÓLF 53  
121 REYKJAVÍK

SÍMI 552 4100  
BRÉFSÍMI 552 4108



## BARN AVERN DARSTOFA

Hvergi er að finna í lögum þessum nokkurn fyrirvara um sjálfræði foreldra þegar rætt er um rétt og skyldur foreldranna og barna þeirra. Þá er jafnframt ljóst að það að svipta einstakling sjálfræði og að svipta hann forsjá barns eru mjög ólíkar aðgerðir, teknar af mismunandi úrskurðaraðilum og við mismunandi aðstæður. Þá er ljóst að löggjöf um málefni barna, svo og samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, byggir á þeirri grundvallarreglu að barni sé fyrir bestu að alast upp hjá foreldrum sínum.

Barnaverndarstofa telur eðlilegt að líta svo á að unglingar, sem og aðrir foreldrar, fari með forsjá barna sinna eftir þeim reglum sem fyrir er mælt í barnalögum, nema þeir hafi verið sviptir forsjánni skv. ákvæðum laga um vernd barna og ungmenna. Það er forsjáraðila barns að samþykkja að barn fari í fóstur skv. 29. gr. laga um vernd barna og ungmenna eða að vista barn utan heimilis skv. 40. gr. s.l. Þá þarf samþykki foreldra sem fara með forsjá til ættleiðingar barns undir 18 ára aldri.

Hugsanlegt er að líta svo á að meiri háttar ákvarðanir ósjálfráðra foreldra sé rétt að bera undir lögráðamenn þeirra, lögborna eða sérstaklega skipaða. Þetta myndi þýða að samþykki beggja eða afstaða beggja þyrfti að liggja fyrir eins og t.d. er gert ráð fyrir í lögum um fóstureyðingar.

Niðurstaðan er því sú að foreldrar unglinga sem eignast börn fara einungis með forsjá unglिंगanna og geta ekki ráðstafað börnum unglिंगanna hvorki til ættleiðingar né í fóstur. Unglingarnir fara sjálfir með forsjá barna sinna og eru almennt bærir til að taka einir flestar ákvarðanir um uppeldi og framtíð barnanna. Hugsanlega er þó rétt að líta svo á að foreldrar unglिंगanna eigi rétt til einhverra afskipta af meiri háttar ákvörðunum unglिंगanna.

*Arnfur Friðriksson*

PÖSTHUSSTRÆTI 7  
PÖSTHÓLF 53  
121 REYKJAVÍK

SÍMI 552 4100  
BRÉFSÍMI 552 4108

KT. 700595 2699